


Námsmat í Mentor

Námsmat í Sunnulækjarskóla er sýnilegt nemendum og foreldrum á mentor.is. Hér að neðan eru ústkýringar á þeim atriðum er varðar námsmatið.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið eru lýsing á hæfni sem nemendur eiga að stefna að. Hæfnikort innihalda þessi hæfniviðmið fyrir hverja námsgrein og hvern árgang. Kennarar tengja hæfniviðmið við námslotur.



Námslotur

Inn á aðgangi foreldra eða nemenda inn á mentor.is birtast ýmsir rammar og þar á meðal Námslotur.

<p>Námslotur Kennarar búa til námslotur fyrir hverja námsgrein sem kennd er í hverjum árgangi. Námslotur eru áætlun kennara fyrir skólaárið, þær gefa heildaryfirsýn yfir viðfangsefni námsgreina, hæfniviðmið, verkefni og námsmat.</p>	
---	--

Námsmat


Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum sem lögð eru til grundvallar í námi og kennslu, yfirlit yfir þau má finna í Námslotum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem kennarar fara reglulega yfir með nemendum hvernig gengur að ná settum markmiðum. Með leiðsagnarmati fá nemendur og kennarar reglulega upplýsingar um framvindu náms og hvort kennslan hafi skilað árangri. Misjafnt getur verið hvað er búið að meta mikið í hverri námsgrein. Kennarar koma til með að vera með leiðsagnarmat og skrá inn námsmat jafnt og þétt. Hæfnikort hvernar námsgreinar sýnir hvaða hæfniviðmið nemendur þurfa að ná við lok skólaárs að vori.

<p>Námsmat Í gegnum námsmat eru birtar upplýsingar um námsárangur nemenda. Námsmat felst í mati á verkefnum, námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum. Námsmarkmið eru undirmarkmið hæfniviðmiða og verkefni geta verið ýmis verkefni eða próf sem lögð eru fyrir nemendur og eru tengd við hæfniviðmið.</p>	
---	--

Hvernig skoða foreldrar og nemendur námsmat






Þegar foreldrar fara inn á námsmat inn á mentor.is þá getur verið óljóst hvað skal skoða.

Velja þarf námsgrein vinstra megin og þá birtist Hæfnikort nemandans fyrir viðeigandi námsgrein. Ef ör er við Hæfnikort þá getur verið um að ræða fleiri en eitt hæfnikort fyrir viðkomandi námsgrein.



Matskvarðar

Táknin hér til hliðar eru notuð til að meta hæfniviðmið hversar námskrár/hæfnikort, námsmarkmið og verkefni.


-  *Framúrskarandi* - er gefið þegar nemandi hefur náð fullum tókum á öllum hæfniviðmiðum, getur miðlað áfram þekkingu sinni með dýpkun og skapandi nálgun.
-  *Hæfni náð* - telst góður árangur, nemandi getur það sem stefnt er að. Í mörgum tilfellum er þessi hæfni það besta sem hægt er að ná.
-  *Á góðri leið* – nemandi hefur að mestu leyti náð tókum á viðfangsefninu en ekki fullnægjandi.
-  *þarfnast þjálfunar* – nemandi hefur náð einhverjum tókum á viðfangsefninu.
-  *Hæfni ekki náð* – nemandi hefur að mjög litlu leyti náð tókum á viðfangsefninu.



Framvindueinkunn / Lokamat

Gefin er framvindueinkunn við lok haustannar. Sú einkunn gefur upplýsingar um stöðu nemandans á haustönn í öllum námsgreinum að smiðjum undanskildum.

Gefin er lokaeinkunn í hverri námsgrein að vori. Horft er til hvernig hefur gengið yfir skólaárið. Tekið er mið af framvindu nemandans í náminu, hvernig hefur tekist að ná almennum hæfniviðmiðum, námsgengi, vinnubrögðum og horft til framfara.



- 1.-4. bekkur notar 5 tákn þegar gefin er framvindueinkunn og lokamat
- 5.-10. bekkur notar matskvarða með A, B+, B, C+, C og D þegar gefin er framvindueinkunn og lokamat.